

Ársskýrsla Glímufélags Dalamanna 2025



Efnisyfirlit

Stjórn félagsins	3
Iðkendur.....	3
Starf félagsins	3
Janúar	3
Febrúar	4
Mars	4
Apríl.....	4
Ágúst.....	5
Framtíðarsýn.....	6
Lokaorð	6

Aðalfundur félagsins var haldin 25. mars 2025 og var árskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir þar.

Stjórn félagsins

Jóhann Eysteinn Pálmason: Formaður

Svana Hrönn Jóhannsdóttir: Gjaldkeri

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir: Ritari

Iðkendur

Iðkendur á liðnu ári voru 30 talsins langflestir á aldrinum 6-16 ára. Þjálfarar síðasta árs voru Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og Sigurdís Sóley Lýðsdóttir.

Starf félagsins

Starf félagsins var með hefðbundum hætti fram að maí mánuði. Æfingar voru haldnar vikulega fyrir grunnskólabörn í Dalabúð á þriðjudögum, yngsta stig gat sótt æfingar á skólatíma og það var mjög vel sótt af yngri börnum. Mið- og elstastigs æfingar voru eftir skóla á þriðjudögum frá 15:10- 16:30. Nokkur mót voru haldin víða um Ísland og við létum okkur ekki vanta. GFD styrkti sína iðkendur til keppnisferða erlendis á síðasta ári. Ákveðið var í samráði við stjórn GFD að byrja ekki strax með æfingar á haustönn 2025 heldur hvíla aðeins starfið (þjálfari óléttur) og byrja heldur þegar nýja íþróttahúsið í Búðardal væri klárt. Það voru því engar æfingar haustið 2025 og það setti auðvitað mark á starfið þetta starfsár.

Janúar

Keppendur GFD fóru á janúarmót sem haldið er ár hvert af GLÍ og keppt er á dýnum. Góður árangur hjá okkar fólki á því móti.

Febrúar

Opna franska meistaramótið í keltneskum brögðum. Jóhanna Vigdís og Benóní fóru með landsliðinu út og áttu gott mót. Benóní hafnaði í 3. sæti í – 64 kg flokki. Jóhanna vann sinn flokk í + 70 kg flokki kvenna og var síðan í öðru sæti í opnum flokki.

Mars

Íslandsmót haldið á Hvolsvelli 8. mars



Mynd 1 Keppendur GFD á Íslandsmóti

Apríl

Evrópumeistaramót í keltneskum fangbrögðum fór fram 19.-20. apríl í Saint-Renan í Bretóníu. Þar áttum við tvo keppendur, Benóní og Jóhönnu Vigdísi. Bæði eru þau orðin reynslumikil í svona keppnum en hvert mót er ávallt bæting í reynslubankann. Benóní varð í 4.sæti í – 64 kg flokki bæði í gouren og hryggspennu. Jóhanna varð þar evrópumeistari unglunga í gouren og hafnaði í 2. sæti í hryggspennu á afar sterku móti, einnig var hún kosin gourenkona mótsins.

Júlí

Pósthlaupið var haldið í lok júlí. Viðburðurinn er orðin fastur liður í fjáröflun félagsins og gaman að geta tekið þátt í svona stóru verkefni. Helstu verkefni okkar eru vatnsstöðvar á leiðinni, póststubburinn, hlaupið fyrir yngstu hlauparanna og að stíka hlaupaleiðina inní Búðardal frá Laxá að endamarkinu.

Ágúst

Glímukynning á Eiríksstaðahátíð. Iðkenndur okkar fóru á Eiríksstaði og kynnt glímu fyrir víkingum, erlendum og íslenskum gestum.



Framtíðarsýn

Við horfum björtum augum á næsta keppnisár og ætlum okkur góða hluti. Það sem við leggjum mikla áherslu á á æfingum er aukið sjálfalít og sjáflsöryggi ekki síður heldur en líkamlegur styrkur og þol. Glíma er oft á tíðum glíman við eigin hugsanir og trúin á sjálfum sér.

Árið 2026 mun einkennast af því að efla aftur upp starfið í glímunni í Dalabyggð, fjölbreytt afþreying barna er í boði og það er

Við höldum áfram að reyna að finna peninga til að styrkja og efla starfið okkar og styðja við keppendur.

Lokaorð

Á þessari samantekt má sjá að starf GFD er öflugt og við mætum með keppendur á nánast öll mót sem í boði eru. Keppendur okkar eru dugleg að ögra sjálfum sér og láta ekki deigan síga þó á móti blási. Ljóst er að mikil ferðakostnaður fylgir öllum þessum mótum sem haldin eru víðsvegar um landið og oft þurfum við að gista líka vegna fjarlægðar. Við viljum þakka Dalabyggð fyrir þeirra framlag í formi fjárhagsstyrks sem hjálpar okkur við að halda kostnaði í lágmarki fyrir þátttakendur.

Fyrir hönd stjórnar, Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

„Að sigra sjálfan sig“

Uppskrift:



Framkvæmd:

1. Hafðu trú á sjálfum þér.
2. Opnaðu augun fyrir trunni sem aðrir hafa á þér.
3. Settu þér markmið sem þig langar til að ná. Hafðu það raunhæft en krefjandi.
4. Finndu leiðir til að ná markmiðinu. Fáðu aðstoð.
5. Gerðu þér grein fyrir því hvernig sjálfstalið þitt er.
6. Reyndu að hafa sjálfstalið gagnlegt.
7. Vertu tilbúin/n til að leggja ýmislegt á þig til að ná markmiðinu og framkvæma það sem þarf til að ná því.
8. Mundu að draumar geta ræst og það er hægt að sigra sjálfan sig.